




Reykjavík, 16. október 2024
USK24090167

Skúlagata 4 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 19. september 2024 var lögð fram fyrirspurn Yrki arkitekta ehf., dags. 13. september 2024, ásamt greinargerð Yrki arkitekta, dags. 13. september 2024, um útlitsbreytingu á húsinu á lóð nr. 4 við Skúlagötu sem felst í að klæða bygginguna að utan með ð hvítri loftræstri ál- eða steinklæðningu. Einnig eru lagðir fram uppdr. Yrki arkitekta ehf., dags. 30. júní 2021 með síðari breytingum.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040

Hverfisvernd innan Hringbrautar.

Götumynd, tekin af Já.is

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin og byggingin á Skúlagötu 4 borgarhluta 2 Miðborg og er hluti af miðborgarsvæði M1b, blönduð miðborgarbyggð: skrifstofur og þjónusta.

Deiliskipulag/ Hverfisskipulag: Í gildi er deiliskipulag fyrir Skúlagötusvæði, samþykkt 13. maí 1986, ásamt síðari breytingum.

Umsögn

Húsið á lóð nr. 4 við Skúlagötu er skrifstofuhúsnæði sem byggt var árið 1961 skv. fasteignaskrá. Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á að fá að einangra og klæða allt húsið með hvítri loftræstri ál- eða steinklæðningu. Húsið er í dag múrklætt.

Innan Hringbrautar er í aðalskipulagi skilgreind *Hverfisvernd innan Hringbrautar*. Markmið hverfisverndar er að varðveita og styrkja heildaryfirbragð gamla bæjarins sem gerir hann að einstökum og eftirsóknarverðum stað í alþjóðlegu samhengi og að varðveita og styrkja söguleg og fagurfræðileg einkenni. Markmiðinu skal náð með því að gætt verði ytrustu varúðar við þróun byggðar innan svæðisins og að meginmarkmiðum borgarverndunarstefnu verði fylgt eftir í hvívetna. Í því felst m.a. breytingar á ytra útliti bygginga og lóða.

Breyting á klæðningu hússins samræmist ekki ákvæðum hverfisverndar innan Hringbrautar.

Niðurstaða

- Gerðar eru skipulagslegar athugasemdir við erindið, samræmist ekki ákvæðum aðalskipulags um hverfisvernd innan Hringbrautar.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur
Birgitta Rut Skúlad. Hjörvar
verkefnastjóri

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfalli getur eðli máls samkvæmt ekki talið stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.